

FYLGISKJAL NR. 1008

DAGS 30.08.2000

**SAMANTEKT:**

**307. fundur bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.**

Þar var 5. fundur skipulags- og byggingarnefndar tekin til umræðu og var 7. mál á dagskrá bæjarstjórnarfundarins.

Mættir Þróstur Karlsson, Jónas Sigurðsson, Ólafur Gunnarsson, Helga Thorod, Ásta B. Björnsdóttir, Pétur Fenger og Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

EKKI var rætt um málefni Hulduhóla eða Láguhlíðar á þessum fundi sem fjallaði um 5. fund skipulags- og byggingarnefndar.

Bæjarstjórn, fundur nr. 307

Dags. 30. Ágúst 2000

**307. fundur**

**bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,**

**haldinn að þverholti 2, miðvikudaginn 30. ágúst 2000, og hófst**

Fundinn sátu: Þróstur Karlsson, Jónas Sigurðsson, Olafur Gunnarsson, Helga Thoroddsen, Ásta B. Björnsdóttir, Pétur Fenger og Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Anna G. Björnsdóttir.

Dagskrá:

Sú dagskrárbreyting samþykkt með sjö atkvæðum að tillögu ÁBB að 3. mál verði t

fyrirhugaðs niðurskurðar á vegaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

1. mál: Fundargerðir nefnda.

1) Bæjarráð, 473. fundur, 16. ágúst 2000.

2. mál:

Samþykkt bæjarráðs um að Margrét Pála Ólafsdóttir verði ráðin til að leysa af leikskólastjóri a ... , 31.12.2000.

Til máls tóku: ÁBB og bæjarstjóri.

11. mál:

Samþykkt bæjarráðs á reglum um úthlutun byggingarlóða í Mosfellsbæ.

Til máls tóku: ÁBB og JS.

Fundargerðin samþykkt með sjö atkvæðum.

2) Bæjarráð, 474. fundur, 24. ágúst 2000.

1. mál:

Samþykkt bæjarráðs á tillögu fræðslunefndar á 57. fundi, 21.08.2000, um breytingu á gjaldskrá Tónlistarskóla Mosfellsbæjar og um að í vetur verði rekstur og rekstrarform Tónlistarskólans skoðað nánar, m.a. með tilliti til gjaldskrármyndunar, sbr. mbl. forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs, dags. 22.08.2000.

Til máls tóku: PF, ÁBB og JS.

Fulltrúuar D-lista óskuðu eftir að leggja fram svohljóðandi bókun:

„Fulltrúuar D-listans vilja ítreka þá skoðun sem fram kom í bókun HB í bæjarráði þann 24. ágúst sl, um að eðlilegt sé að áður en farið verði út í 8-20% hækkun á gjaldskrá Tónlistarskólans fari fram útreikningur á tilkostnaði við kennslu einstakra greina og á grundvelli þess útreiknings verði tekin afstaða til þátttöku nemenda í þeim kostnaði.“

Samþykkt bæjarráðs staðfest með fjórum atkvæðum gegn tveimur.

6. mál:

Samþykkt bæjarráðs á tillögu tækninefndar frá fundi 22.08.2000 um að gengið verði að tilboði Hafnarsands um gerð göngustígs til Reykjavíkur og að jafnhliða verði farið í gerð reiðstígs neðan golfvallar.

Til máls tóku: ÁBB, JS, bæjarstjóri, PF og PK.

Fundargerðin samþykkt með sjö atkvæðum.

3) Atvinnu- og ferðamálanefnd, 27. fundur, 18. ágúst 2000.

9. mál:

Tillaga nefndarinnar um að skipaður verði 5-7 manna vinnuhópur sem geri tillögu að því hvernig minnast megi 100 ára afmælis Halldórs Laxness.

Samþykkt með sjö atkvæðum að fela bæjarstjóra að gera tillögu að skipun vinnuhóps í tilefni af 100 ára afmæli Halldórs Laxness.

10. mál: Önnur mál.

Samþykkt nefndarinnar vegna bréfs frá Vegagerðinni um merkingar við innkomuna í Mosfellsbæ.

Til máls tóku: ÁBB og bæjarstjóri.

Fundargerðin lögð fram að öðru leyti.

4) Félagsmálanefnd, 86. fundur, 22. ágúst 2000.

1. og 2. mál:

Barnaverndar- og trúnaðarmál.

Málin voru afgreidd á 474. fundi bæjarráðs, 24.08.2000.

4.1 Samþykkt nefndarinnar um veitingu viðbótarláns að fjárhæð kr. 1.460.000.- vegna umsóknar VL-12-00

Samþykkt nefndarinnar staðfest með sjö atkvæðum.

5. mál:

Tillaga nefndarinnar um að félagsleg eignaríbúð nr. 32 við Krókabyggð verði sold á almennum markaði.

Til máls tóku: PF og bæjarstjóri.

Tillaga nefndarinnar staðfest með sjö atkvæðum.

8.-16. mál:

Tillögur nefndarinnar að veitingu styrkja innan fjárhagsramma til styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2000.

Tillögur nefndarinnar staðfestar með sjö atkvæðum.

18. mál:

Fyrirspurn nefndarinnar til bæjarstjórnar um hvort ekki sé ástæða til að endurskoða úthlutaðan fjárhagsramma nefndarinnar samkvæmt fjárhagsáætlun til styrkja, til mannúðarmála.

Til máls tóku: PF, JS, ÁBB og OG.

Fundargerðin lögð fram að öðru leyti.

5) Fræðslunefnd, 57. fundur, 21. ágúst 2000.

1. mál: Tillaga nefndarinnar um breytingu á gjaldskrá Tónlistarskóla Mosfellsbæjar.

Málið var afgreitt undir 2. lið í 1. málí.

Fundargerðin lögð fram.

6) Skipulags- og byggingarnefnd, 4. fundur, 15. ágúst 2000.

(4)

## 1. mál:

Tillaga nefndarinnar um að breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar verði afgreidd í samræmi við 21. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Málið var afgreitt á 306. fundi bæjarstjórnar, 16.08.2000.

## 2. mál:

Tillaga nefndarinnar um að veitt verði heimild til heilsársbúsetu að Móatúni (00/183) að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Samþykkt með sjö atkvæðum að málinu verði frestað til nánari skoðunar í samráði við Skipulagsstofnun.

## 3. mál:

Tillaga nefndarinnar um að breyting á deiliskipulagi sunnan gamla Vesturlandsvegarins verði afgreidd í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Málið var afgreitt á 306. fundi bæjarstjórnar, 16.08.2000.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með sjö atkvæðum.

7) Skipulags- og byggingarnefnd, 5. fundur, 22. ágúst 2000.

## 4. mál:

Samþykkt nefndarinnar um veitingu staðbundinna viðurkenninga til iðnmeistara og að veita byggingarfulltrúa almenna heimild til afgreiðslu staðbundinna leyfa til iðnmeistara í samræmi við lög.

Samþykkt nefndarinnar um veitingu staðbundinna viðurkenninga staðfest. Jafnframt samþykkt með sjö atkvæðum að vísa samþykkt nefndarinnar, um almenna heimild byggingarfulltrúa til afgreiðslu slíkra viðurkenninga, til skoðunar í tengslum við undirbúning að setningu almennrar samþykktar um heimild byggingarfulltrúa til afgreiðslu mála á grundvelli skipulags- og byggingarlaga.

## 6. mál:

Tillaga nefndarinnar um að samþykkt verði deiliskipulagsbreyting við Höfðahverfi og Rituhöfða, sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarverkfræðingur sat fundinn undir þessu máli.

Til máls tóku: HS, PF, ÞK, HTH og JS.

Tillaga nefndarinnar samþykkt með sex atkvæðum.

## 11. mál:

Samþykkt nefndarinnar um að veita leyfi til tengja rafmagnsheimtaug í sumarhús við Hafravatn í landi Úlfarsfells og um að byggingarfulltrúa verði veitt almenn heimild til afgreiðslu slíkra umsókna.

Samþykkt nefndarinnar um rafmagnsheimtaug í sumarhús við Hafravatn stðafest með sjö atkvæðum. Jafnframt samþykkt að vísa samþykkt um almenna heimild byggingarfulltrúa til afgreiðslu slíkrar mála til skoðunar í tengslum við undirbúning að setningu almennrar samþykktar um heimild byggingarfulltrúa til afgreiðslu mála á grundvelli skipulaga- og byggingarlaga, sbr. einnig 4. mál á sama fundi nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

8) Tækninefnd, 44. fundur, 22. ágúst 2000.

## 1. mál:

Tillaga nefndarinnar vegna stígatengingar við Reykjavík.

Til máls tóku: HS og ÞK:

Málið var afgreitt á 474. fundi bæjarráðs, 24.08.2000.

## 2. mál:

Tillaga nefndarinnar vegna heimæða í dreifbýli.

Málið var afgreitt á 474. fundi bæjarráðs, 24.08.2000.

Fundargerðin lögð fram.

9) Verkefnisstjórn um staðardagskrá 21, 8. fundur, 17. ágúst 2000.

Fundargerðin lögð fram.

10) Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, 45. fundur, 9. ágúst 2000.

Til máls tóku: Bæjarstjóri, PF og ÞK.

Fundargerðin lögð fram.

2. mál: Tillaga um að Jón M. Guðmundsson á Reykjum, fyrrverandi oddviti, verði verði gerður að heiðursborgara Mosfellsbæjar.

Til máls tóku: ÞK, ÁBB, bæjarstjóri og JS.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum:

„Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkir að Jón M. Guðmundsson verði gerður að heiðursborgara Mosfellsbæjar. Með því móti vill bæjarstjórn Mosfellsbæjar, f.h. Mosfellsbæjar, láta í ljós þakklæti sitt og viðurkenningu á hinu mikilvæga framlagi Jóns til uppbyggingar sveitarfélagsins en Jón var oddviti Mosfellshrepps frá árinu 1962-1981 á miklum umbrotatíma í sögu sveitarfélagsins, og hreppstjóri frá árinu 1984-1990. Auk þess hefur hann tekið virkan þátt í félagsstarfi innan og utan sveitarfélagsins og lagt þar drjúgt af mörkum.

Nafn hans hefur verið samofið sögu sveitarfélagsins um áratugaskeið og er við hæfi að Mosfellsbær votti honum virðingu sína með þessu hætti nú þegar 80 ára afmæli hans stendur fyrir dyrum þann 19. september nk.“

3. mál: Ályktun vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á vegaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Fulltrúar D-listans lögðu fram svohljóðandi tillögu:

„Fulltrúar D-listans leggja til að bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykki og sendi samgönguráðherra og fjármálaráðherra svohljóðandi ályktun.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar lýsir áhyggjum sínum af fyrirhuguðum niðurskurði á framkvæmdum við mislæg gatnamót Víkurvegar og Vesturlandsvegar, sem boðaður er í drögum að fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Viljum við benda á að mikil uppbygging á sér nú stað í Grafarholti, Grafarvogi og Mosfellsbæ og ljóst að gatnamótin anna ekki þeirri umferð sem fylgir hinni miklu fjölgun íbúa á þessum uppbyggingarsvæðum.“

Til máls tóku: ÁBB, PF, JS, ÓG, bæjarstjóri og ÞK.

Tillagan samþykkt með sjö atkvæðum með svohljóðandi viðbót:

„Í ljósi þessa lýsir bæjarstjórn jafnframt yfir áhyggjum sínum um framhald tvöföldunar Vesturlandsvegar til Mosfellsbæjar samkvæmt vegaáætlun.“

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.